

**139. fundur skólanefndar ME,  
haldinn 17. apríl 2018 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Birna Björnsdóttir og Halldóri B. Warén.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Aron Steinn Halldórsson f.h. nemenda og Hlynur Ármannsson f.h. kennara. Fjarverandi Steinunn Snædal f.h. foreldrafélags ME

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 138
2. Kosning formanns nýrrar skólanefndar.
3. Gangurinn í starfinu vor 2018.
4. Starfsmannamál fyrir haust 2018 - með fyrirvara.
5. Fjárhagsleg staða ME.
6. Frá nemendaráði ME
7. Önnur mál.

*Fundur er settur upp úr kl. 17.*

*Árni Óla býður nýtt skólanefndarfólk velkomið. Allir fundarmenn kynna sig.*

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 137**

Fundargerð 138 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

**2. Kosning formanns nýrrar skólanefndar**

Fundurinn stingur upp á því að Skúli Björn gegni áfram stöðu formanns í nefndinni næsta árið og er það er samþykkt einróma.

**3. Gangurinn í starfinu vor 2018**

Árni Óla fer yfir ganginn í skólastarfinu. Á árinu 2017 sóttu 515 nemendur fjarnám við ME. Um 260 nemendur hófu nám í dagskóla í ágúst 2017. 32 útskrifuðust um jól og tæplega 230 hófu nám á vorönn 2018. Um 20 nemendur færðust yfir í fjarnám á spannaskilum vorannar vegna slæmra mætinga auk þess sem nokkrir nemendur hafa skráð sig úr námi. Nemendafjöldinn í dag stendur því nálægt 200 nemendum sem er með fæsta móti. Vegna fámennis stendur rekstur mötuneytis tæpt og farið er að ganga á sjóði. Skólinn hefur að undanförnu sett fram kynningar á kostnaði við að vera heimavistarbúi, sem er líklega minni en margur heldur. Með þessu er vonast til að fjöldi nemenda á vistinni aukist næsta veturn. Umræður skapast um hvort leita ætti dagskólanemenda út fyrir Austurland.

Árni nefnir að vísbendingar séu um að mætingar nemenda fari dalandi með árunum. Ástæður slaknandi mætinga liggja ekki fyrir en ljóst að tengsl eru á milli mætinga og námsárangurs.

Skúli Björn veltir því upp hvort hægt sé að gera könnun á ástæðum slaknandi mætinga, s.s. spryja út í vinnu með námi o.fl. Árni bendir á að nemendakönnun sé gerð er reglulega og hafi síðast verið lögð fyrir síðastliðið haust.

Aron veltir fyrir sér hvort stytting stúdentsnáms valdi auknu á lagi og tengist því að mætingar dali og nemendur flosni úr námi.

Einnig nefnt að aukið skólaálag gæti tengst minni þátttöku í félagslífi.

Árni segir frá fjarvistakerfi sem stuðst er við í Framhaldsskólanum á Laugum og tengist raunmætingu í ríkara mæli en í ME. Hugsanlegt væri að taka upp slíkt kerfi til að reyna

að bæta mætingar í ME. Fjarvistakerfinu í ME var seinast breytt nú um áramót. Frekari umræður skapast um þessi mál.

Árni segir frá kraftinum sem hefur verið í leiklistinni og Barkanum á vorönn. Uppsetning á söngleiknum *Wake me up before you go go* heppnaðist mjög vel. Hlynur nefnir að líklega þurfi að endurskoða tímasetningar viðburða, m.a. til að ekki skapist álag nálægt spannarlokum. Aron nefnir að tímasetningar nú hafi tengst fyrirhugaðri lokakeppni í söngkeppni framhaldsskólanna. Mögulegt væri að stýra álaginu yfir á fardaga framvegis. Mikið var um að vera í skólalífinu undangengna viku. Kynningardagur ME var haldinn s.l. miðvikudag, sama dag og Skólahreysti fór fram í íþróttahúsinu. Ungmennaping fór fram í ME á fimmtudag auk Hæfileikakeppni starfsbrauta fyrir landið allt um kvöldið. Ennig fór fram Skuggakosningar sama dag. Allt heppnaðist þetta vel. Lokaball ME er fyrirhugað 9. maí. Útskrift verður laugardaginn 26. maí. Starfsmannaferð til Finnlands og Eistlands verður farin 6.-12. júní.

#### **4. Starfsmannamál fyrir haust 2018 - með fyrirvara**

Árni Óla varpar excel mynd á skjáinn og fer yfir starfsmannamálin. Tveir starfsmenn snúa aftur úr launuðum ársleyfum og einn kennari fer í launað ársleyfi. Óvist er með einn kennara sem hefur verið í ólaunuðu leyfi. Ræstingar eru vel mannaðar og það verður vonandi óbreytt næsta vetur. Hálft staða í stærðfræðikennslu, 75% staða í enskuafleysingum og 50% staða í félagsgreinakennslu hafa verið eða verða auglýstar á næstunni.

Góður gangur er í starfsmannafélaginu sem ver orkunni þessi dægrin í að skipuleggja Finnlandsferð.

#### **5. Fjárhagsleg staða ME**

Árni varpar upp Minnisblaði vegna fundar með þingmönnum Norðausturkjördæmis 12. febrúar s.l. Þar kemur m.a. fram að rekstrarafgangur ársins 2017 var 23.747.726 kr. á móti 3.317.000 kr. árið áður. Rekstrarafgangurinn hefur m.a. verið notaður í kaup á tækjum, s.s. skjávarpa í fyrirlestrarsal, klippitolvu fyrir nemendur. Meðal framkvæmda á vegum Ríkiseigna var endurnýjun á ljósabúnaði í 52 herbergjum heimavistar, skipt var um hljóðhelda millihurð á hátiðarsal og endurnýjuð eldavél í eldhúsi ME. Af öðrum framkvæmdum má nefna að veggur í kyrðarherbergi var málaður á smekklegan hátt af nemendum á fardögum. Skot undir stiga heimavistarhúss var einnig málaður af útskriftarnema á listnámsbraut í Dymbilviku.

Skólinn hefur nokkur undanfarin ár fengið framlög fyrir u.b.b. 30 nemendaígildum færra en henn hefur skilað. Mismunurinn samsvarar nokkurn veginn nemendaígildum í fjarnámi.

Ársnemaspá menntamálaráðuneytis, sem er forsenda fjárvetinga, gerir ráð fyrir fækken nemendígilda næstu árin sem er ekki í samræmi við áætlanir um nemendabróun er byggir á fjölda nemenda í grunnskólum á Austurlandi. Umsóknartímabil fyrir haustönn 2018 er hafið og stendur það yfir til 8. júní.

#### **6. Frá nemendaráði ME**

Aron kynnir starfsemi NME. Í næstu viku er góðgerðarvika. Söngkeppni framhaldsskólanna fer fram á Akranesi 28. apríl þrátt fyrir að búið hafi verið að aflýsa henni. Hún verður í opinni dagskrá í sjónvarpi Símans. Lokaballið fer fram 9. maí og kosið verður í nýja NME stjórn í vor. ME komst í fjórðungsúrslit í Gettu betur en fór því miður ekki eins langt í Morfís. Þar féll skólinn út fyrir Versló sem stóð að lokum uppi sem sigurvegari. Söngleikurinn gekk vel eins og fyrr sagði og 54 diskar með upptöku af verkinu hafa þegar verið seldir. Verkið stóð vel undir sér fjárhagslega. Hátt í 40

nemendur komu að sýningunni. Leikskráin var sérlega vegleg enda um að ræða 30 ára afmæli leikfélagsins. Á skólaárinu hélt NME 6 böll en þau hafa verið 5 undanfarin ár. Böllin hafa farið vel fram. Á þessu sést að félagslifið hefur staðið í ágætum blóma á skólaárinu.

## 7. Önnur mál.

- a) Skúli Björn bendir fundarmönnum á að kynna sér verklagsreglur og fundasköp fyrir skólanefnd ME sem finna má í dropboxi nefndarinnar. Einnig bendir hann á að færa þurfi inn breytingar á skólanefnd, s.s. á heimasíðu skólans.
- b) Árni Óla nefnir að HSA hyggist bæta við sig þriðja sálfræðingnum og hafi rætt við ME um að kosta og nýta sér 25% af stöðugildi hans.
- c) Árni segir einnig frá breyttu fyrirkomulagi á forritunarkennslu næsta veturn. Henni hefur verið sinnt frá FSu í fjarkennslu undanfarin ár en nú hefur verið samið við FB um að kenna tvo forritunaráfanga næsta haust og aðra tvo vorið eftir. Hér er um fjarnám að ræða en auk þess verður verður kennari til taks í ME sem m.a. aðstoðar nemendur við heimanám. Ef vel tekst til gæti orðið framhald á þessu samstarfi.
- d) Val nemenda fyrir haustönn hófst í dag, 17. apríl, og stendur út vikuna. Að þessu sinni er boðið upp á nokkra nýja áfanga auk forritunarinnar. Má þar nefna kvíkmyndaáfanga í samstarfi Stúdío Sýrland, sögu rokksins 1945-1990 og tómstundafræði.
- e) Stefán Bogi spyr hvernig samstarf hafi verið við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Árni svarar því til að samskiptin hafi verið góð en ekki mikið um formlegt samstarf. Samskipti við Stúdío Sýrland vegna kvíkmyndaáfanga hafi t.a.m. hafist í gegnum Menningarmiðstöðina og samskipti vegna LME hafi jafnan verið góð.

*Skúli Björn slítur fundi kl. 18:20*

*Næsti fundur verður í lok maí eða í júní. Nánari tímasetning ákvæðin síðar.*

*Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.*

*Skúli Björn  
Árni Óla Guðmundsson  
Högnin líma Þjóðveldis  
Jónas J. Þorsteinsson*

